

Litid á öðrum jarðstjörnum.

I.

Markús Sigurjónsson stýrimaður og Jóhann Kúld, röskir sjómenn og góðir drengir, hafa, annar í blaði, hinn í bók, sagt fróðlega frá seladrápi Norðmanna, og Árni Friðriksson magister hefir flútt mjög fræðandi útvarpserindi um þessi merkilegu dýr, selina, og hvatt til að Íslendingar höguðu sjer gagnvart þeim líkt og Norðmenn. En jeg vona, að seladráp í stórum stíl verði aldrei íslenskur atvinnu vegur, því að það mundi ekki miða þjóðinni til blessunar að svo yrði.

Þá sá jeg einhversstaðar sagt frá fuglaveiðum í Drangey. Er óhætt að segja, að einnig þar er býsna rösklega að verið, en ilt er til þess að vita, að annað eins skuli geta átt sjer stað í þessum veiðiferðum eins og það, að fæturnir slitna af fuglinum lifandi. Aflabrögð, sem hafa slíkt í för með sjer, þyrfti að banna og væri vel til vinnandi, að þeim mönnum, sem fyrir slíkt bann yrðu af einhverjum tekjum, væri það bætt.

II.

Í Alþýðublaðinu í dag (22. júní) segir Pjetur Sigurðsson frá trú sinni og er gott að sjá svo frjállega og merkilega trúarjátningu mikils ræðumanns, sem víða læt-

ur til sín heyra og margt ritar. Sitthvað hefi jeg þó við þess trúarjátningu að athuga, en ætla aðeins að taka það fram, að nauðsyn er á að gera sjer ljóst, hversu rjett spekingurinn Plótín hefir fyrir sjer, þar sem hann segir, að vjer sjeum exó tú þeíú. Eða með öðrum orðum, að hið guðlega hafi ekki náð að koma fram hjer á jörðu. Það er einmitt þetta, sem að er, á þessari jörð og ótal mörgum jarðstjörnum öðrum í algeimi, sem líkt er ástatt fyrir. Hjer er útjaðar sköpunarverksins, hjer er eitthvað sem strandar á, og er þó ekki um að kenna vanmætti hins skapandi kraftar, heldur því, að ef tilganginum á að verða náð, viðbótinni við það, sem þó áður virtist óendanlegt og vaxandi fullkomnun þess, sem þó áður virtist alfullkomið, þá verður að vaxa svo fram á þessum útjaðri, að hinum guðlega krafti verði veitt sú viðtaka, sem þarf. Spámenn, spekingar og vísindamenn — ásamt öllum þeim, sem á einhvern hátt hafa að því stuðlað, að slíkir menn gætu þó lifað og einhverju til leiðar komið — hafa um aldir verið að vinna að því, að þessi viðtaka gæti orðið. En aðalhugsun hefir vantað, eða hún hefir ekki komið svo greinilega fram sem nauðsyn var á, ef að fullum notum átti að geta orðið.

En hugsunin er á þessa leið. Lífið á hverjum hnetti þarf að vaxa fram til uppgötvunar á lífinu á öðrum jarðstjörnum og vísindalegs sambands við það. Hið guðlega getur ekki farið að koma fram í lífi neinnar jarðstjörnu fyrir en þeim skilningi er náð.

III.

Þessi hugsun er íslensk, hefir fyrst, svo að vísindi geti heitið, verið hugsuð hjer á Íslandi. Og þegar þess er gætt, hversu margir góðir og jafnvel ágætir vitmenn eru vor á meðal, get jeg ekki annað en furðað mig á því, hversu daufar hafa ennþá verið undirtektirnar gagnvart þessari íslensku hugsun. Því að þetta mál er svo vaxið, að enginn vitmaður, sem nokkuð verulega leggur sig fram um að skilja það, getur verið í vafa um, að hugsunin er rjett og í fullu samræmi við allan framvöxt vísinda og andlegs lífs, um aldir. Og greinilega hefir því spáð verið, að þessi aðalhugsun mundi koma fram hjer á Íslandi fyrst. Mætti um það fróðlega rita, en jeg ætla ekki að lengja með því mál mitt að þessu sinni, heldur víkja nokkuð á það, hverjar mundu verða afleiðingar af því, að tekið væri hjer undir þessa hugsun sem þyrfti. Ísland mundi þá verða aflstöð og ljósstöð fyrir alt mannkyn. Miljónir mundu vilja hingað koma, til

landsins, þar sem auðveldara væri að ná sambandi við hinn guðlega kraft en í nokkrum stað öðrum á þessari jörð. Og mest atvinna íslensku þjóðarinnar mundi verða sú, að starfa að þessum gestum sínum, og þó á eins göfugmannlegan hátt og starfið krefst. Og mikils virði munu öræfin þá verða þjóðinni og gestum hennar, þegar loftslagið er orðið eins gott og vera þarf, og ekkert skortir til að gera þau mannvirki, sem verða þurfa.

Nú þegar er ýmislegt farið að benda til þess, sem orðið getur og verða vill, t. d. notkun jarðhitans; og svo á hinn veginn, að sumir þeir atvinnuvegir, sem helst hafa borið uppi þjóðarþúið, eru ekki til frambúðar. Og er þess ekki að dylja, að ef ljós það, sem hjer hefir þó tekist að tendra, nær ekki að skína, hugsun sú, sem öllum öðrum fremur má heita íslensk, er ekki þegin, þá mun illa fara. Eru ýmsar bendingar, sem fram hafa komið um það, meir en lítið fróðlegar, og þó í ýmsum öðrum löndum miklu greinilegri en hjer er orðið ennþá.

Jání.

Helgi Pjeturss.

Mel. 18.6.39